



Foreldraráð Hafnarfjarðar

Fræðsluráð Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson, fræðslustjóri
Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar
Strandgötu 6, 220 Hafnarfjörður

Hafnarfjörður, 26. september 2012

Erindi: Beiðni um styrk vegna námskeiðs um hlutverk foreldra í stjórn foreldrafélags, skólaráði og svæðaráði


Foreldraráð Hafnarfjarðar óskar eftir kr. 75.000.- styrk til að standa straum af námskeiði fyrir stjórnir foreldrafélaga í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra í skólaráðum grunnskóla í Hafnarfirði og fulltrúa foreldra í Foreldraráði Hafnarfjarðar.

Á námskeiðinu verður farið yfir hvert hlutverk foreldrafélaga er, verkaskiptingu stjórnar foreldrafélaga, farið í ýmsa þætti úr lögum um grunnskóla frá árinu 2008 og hvernig hefur reynst best að skipuleggja störf stjórna foreldrafélaga m.t.t. baklands í bekkjarfulltrúum. Einnig verður farið yfir þætti eins og til hvers ætlast skólinn af foreldrafélaginu, hvernig er hægt að byggja upp tengslanet foreldra, hvernig vinnur foreldrafélagið í grasrótinni og hver eru tengsl fulltrúa foreldra í skólaráði og við fræðsluráð (skipuritið kynnt). Jafnframt verður talað um lýðræðislega aðkomu foreldra að skólastarfinu og farið yfir samstarf foreldrafélaga í svæðaráði (Foreldraráði Hafnarfjarðar), forgangsroðun þess o.s.frv. Námskeiðið er byggt á handbók Heimilis og skóla um störf foreldrafélaga og er efnið staðfært á bæjarfélagið okkar.

Námskeiðið er fyrir allar stjórnir foreldrafélaganna í Hafnarfirði (8 grunnskólar), fulltrúa foreldra í skólaráðum og fulltrúar foreldra í Foreldraráði Hafnarfjarðar. Umsjón með námskeiðinu hefur Helga Margrét Guðmundsdóttir.


Námskeiðið eru þrjú skipti:

- Fyrsti hlutinn er undirbúningur fyrir námskeiðið þar sem allir formenn foreldrafélaganna og allir fulltrúar í Foreldraráði Hafnarfjarðar hittast til að fara yfir boðunina, fyrirkomulagið og síkt (9. október 2012).
- Annar hluti er sjálf námskeiðið (sjá lýsingu hér að ofan) (október 2012)
- Þriðji hluti er samantektarfundur viku eftir námskeiðið og handleiðsla (október-nóvember 2012).

| | |
|---|------------------|
|  | Hafnarfjarðarbær |
| Innk: | 279 2000 |
| Málsnr: | 130 9541 |
| Bréfali: | 105 |

Foreldraráð Hafnarfjarðar telur mikilvægt að styrkja innviði foreldrasamstarfsins í heild sinni í bænum. Í gegnum árin hefur verið mismikill áhugi foreldra til að sinna þessum störfum sem eru svo mikilvæg í skólasamfélaginu og finnst okkur því kjörið að við einbeitum okkur í sameiningu að þeim sem hafa boðið krafta sína í þessi störf, styðji við þá og upplýsi um hvert hlutverk þeirra er. Með svona námskeiði skapast samráðs- og lærdómsvettvangur milli foreldra um aðkomu, hlutverk og áhrif þeirra á skólamálum í Hafnarfirði. Einnig hefur það sýnt sig að aukin þátttaka foreldra og jákvæð sýn þeirra á skólagöngu barna sinna eykur áhuga, námsárangur og félagslega færni barnanna.

f.h. Foreldraráðs Hafnarfjarðar



Jónanna Sveinbjörg B. Traustadóttir